

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	23.07.2015
Málalykill	100
Mál nr.	1507/92



Reykjavík, 21. júlí 2015

Efni: Aðgengileg ferðasalarni fyrir fatlað fólk á almennum viðburðum og hátíðum á vegum sveitarfélaga og ríkisins

Á hverju ári er haldinn fjöldinn allur af hátíðum og viðburðum sem lokkar almenning út á stræti og torg í einstökum bæjarfélögum og á landsvísu. Skipuleggjendur slíkra viðburða verða meðal annars að gæta þess að salernisaðstaða sé fyrir hendi fyrir gesti og gangandi og setja gjarnan upp ferðasalarni á völdum stöðum.

Hins vegar eru ekki öll ferðasalarni aðgengileg fyrir allt fólk. Margt hreyfihamlað fólk þarf að nota sérútbúin salarni. Brýnt er að hugsað sé fyrir því að slík salarni séu til staðar á þessum hátíðum og viðburðum. Sú hefur því miður ekki alltaf verið raunin.

Eitt ferðasalarni fyrir hreyfihamlað fólk á höfuðborgarsvæðinu

Í svari dags. 14/7/15 frá Gámapjónustunni hf., sem samkvæmt öllum heimildum er eini þjónustuaðilinn sem leigir út salarni á höfuðborgarsvæðinu, hefur fyrirtækið eingöngu eitt ferðasalarni til útleigu sem er aðgengilegt fyrir hreyfihamlað fólk, þ.e. hefur nægilegt gólfrymi fyrir hjólastól, armstuðning og lítinn hæðarmun frá götu.

Ætla má að ástæða þess að ekki eru fleiri slík ferðasalarni til hjá þjónustuaðila sé sú að eftirspurnin hafi ekki verið til staðar fram að þessu. Við höfum ekki enn komist yfir að kanna aðstöðuna í öllum sveitarfélögum landsins en viljum með þessu bréfi vekja athygli bæjarstjórnarinnar á málefniinu og hvetja ykkur til að kanna stöðuna í sveitarfélaginu.

Til úrbóta

Skipuleggjendur hátíða og viðburða fyrir almenning þurfa að færa inn í undirbúningsskrár sínar að ákveðið hlutfall ferðasalerna skuli vera aðgengilegur hreyfihömluðu fólki. Til að leysa vanda vegna skorts á slíkri aðstöðu geta þessir aðilar annað hvort fest kaup á ferðasalernum sem aðgengileg eru hreyfihömluðu fólki eða þrýst á um að þeir aðilar sem leigja út ferðasalarni kaupi inn fleiri slík salarni sem væru í notkun á viðburðum á vegum sveitarfélaganna.

Er þess hér með óskað eftir að bæjarstjórnin komi þessum ábendingum á framfæri til þeirra sem hafa umsjón með skipulagningu viðburða á vegum bæjarins og tryggi aðgengileg salarni fyrir alla, sé það ekki þegar gert.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemi og virðingu,

Ellen Calmon
Ellen Calmon formaður ÖBÍ